



* Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálu/
fræðslustörfum víðsvegar í heiminum

* Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á
einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna
markverð störf í þágu þeirra



ΘΘ Þetadeild

Þema vetrartins 2009-2010 „Að leggja rækt við sjálfa sig“. Undir-
markmið var að fjölga félögum og stuðla að góðri mætingu á fundi.
Fyrst fundur var í október í nýju húsnæði Miðstöðvar símenntunar á
Suðurnesjum. Deildin bauð félögum á fyrirlestur Matta Oswaldar
Stefánssonar um heilsu og hugarfar. Nýtt og glæsilegt húsnæði MSS
var einnig skoðað, auk hefðbundinna fundarstarfa. Annar fundur var í
nóvember haldinn heima hjá Guðbjörgu Sveinsdóttur. Fundurinn var
með jólaívaði og 4 nýir félagar teknir inn í deildina. Þriðju fundur var
haldinn í janúar heima hjá Valgerði Guðmundsdóttur og var hefð-
bundinn bókafundur. Fjórdi fundur var haldinn í mars á bókasafninu.
Jónína Benediktsdóttir var gestur fundarins og kynnti Detox meðferð
og ræddi almennt um heilsu kvenna. Kappasystur voru gestir á
fundinum. Fimmti fundur er ætlaður í apríl og þá er ætlunin að fara í
leikhús. *Valgerður Guðmundsdóttir*

I I Iotadeild

Þema vetrarins var nýju skólalögin. Fyrsti fundurinn var haldinn í
Grunnskólanum á Ísafirði. Sigurlína Jónasdóttir kynnti þar nýju leik-
skólalögin. Annar fundurinn var haldinn heima hjá Guðríði Sig-
urðardóttur. Kristín Jónasdóttir kynnti nýju grunnskólalögin og fór yfir
helstu breytingar. Þriðji fundurinn var jólafundur haldinn heima hjá
Soffíu Vagnsdóttur. Félagskonur hlýddu á jólahugvekjur og teknar
voru inn þrjár nýjar félagskonur. Forseti landssambandsins kom á
fundinn. Fjórdi fundurinn var hinn árlegi bókafundur. Fundarstaður
var bókasafnið á Ísafirði. Á fimmta fundinum sem haldinn var í MÍ,
kynnti Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir nýju framhaldsskólalögin og
teknar voru inn tvær nýjar félagskonur. Á sjötta fundinum var kynn-
ing á starfseminni í Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Dagný Sveinbjörns-
dóttir sagði okkur frá því lífliga starfi sem þar fer fram.
Edda B. Kristmundsdóttir



Á jólafundi

Krossins en þar bauð okkur velkomnar okkar ágæti ritari Sólborg
Alda Pétursdóttir og kynnti hún hina viðfeðmu starfsemi samtakanna
fyrir okkur. Næsti fundur var haldinn í Setbergsskóla, en þar tóku

KK Kappadeild

Deildarkonur eru allar af höfuðborgarsvæð-
inu. Við höldum sex fundi á árinu og höfum
við fundina ýmist í heimahúsum, á vinnu-
stöðum eða á veitingahúsum. Þema vetrarins
og fyrir þetta starfsárið er *Mannúð og menn-
ing*. Við höfum vetrarstarfið í húsi Rauða

The Delta Kappa Gamma Society Inte- onal...

eru alþjóðasamtök kvenna í fræðslustörfum sem
voru stofnuð af 12 konum í Austin í Texas 1929.
Höfuðstöðvar samtakanna eru í Austin. Alþjóða-
samtökin hafa nú landsdeildir í mörgum þjóð-
löndum auk Bandaríkjanna.
Íslenska landsdeildin var stofnuð árið 1975 með
Alfadeild í Reykjavík en landssambandið var
stofnað 1977. Íslenska landssambandið tilheyrir
Evrópusvæði sem stofnað var 1998. Á Íslandi
eru starfandi tíu deildir, þrjár eru á höfuðborgar-
svæðinu og ein í hverjum landshluta þ.e. á
Akureyri, á Vesturlandi, á Suðurlandi, á Austur-
landi, á Suðurnesjum og á Vest-
fjörðum.

Útgefandi
Félag kvenna í fræðslustörfum á Íslandi, Reykjavík
17. apríl 2010

Ritnefnd úr Deltadeild
Jónína Eiríksdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Þrúður Kristjánsdóttir



Delta Kappa Gamma á Íslandi

Kynning á starfi deilda veturinn 2009-2010

Aα Alfadeild

Starfi Alfadeildar veturinn 2009- 2010 fer að ljúka á næstu
dögum, aðalfundur verður haldinn 26. apríl nk. og verður
kosin ný stjórn. Meðlimir núverandi stjórnar hafa setið meira
og minna í stjórn síðustu fjögur árin og sumir lengur. Næstu
stjórn er óskað góðs gengis. Endurnýjun hefur verið nokkur
og hafa 8 nýjar konur verið teknar í deildina á síðustu tveimur
árum og eru félagskonur nú 40 talsins. Í vetur hafa verið
haldnir fimm fundir og verður aðalfundurinn sá sjötti í röðinni.
Fjallað hefur verið um listmenntun, leikskólamenntun og fleira
en á síðasta fundi voru málefni framhaldsskólans á dagskrá.
Þá kom Sólvi Sveinsson sérfræðingur í menntamálaráðuneyt-
inu á fundinn og talaði um breyttar áherslur í kjölfar nýrra
laga. Fundir hafa verið vel sóttir og gefandi og ég er þess
fullviss að svo verður áfram á næstu árum. *Erna Árnadóttir*

Alfakonur á fundum



Samtökin stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum



* Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum og að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni

Bβ Betadeild

Þema deildarinnar þetta starfsár er:

Jákvæðni og gleði. Níu fundir voru á dagskrá, þar af tveir óformlegir, ásamt ýmsum öðrum verkefnum. Fyrsti fundurinn var heimsókn í skólana á Laugum í



Snyrtingin!

Reykjadal þar sem fræðst var um sögu þeirra og verkefni. Næsti fundur var haldinn í MA þar sem Rósa Kristín Júlíusdóttir kynnti þá kúnst að lesa myndverk. Jólafundurinn var haldinn í VMA. Þar sagði Meredith Cricco frá Bandaríkjunum okkur frá þakka-gjörðarhátíðinni. Bókafundur var í janúar á heimili Bjarkar Sigurðardóttur í Eyjafjarðarsveit. Febrúarfundurinn var í Lúndarskóla og var gestur fundarins Hafsteinn Jakobsson framkvæmdastjóri Rauða kross-deildarinnar á Akureyri. Í mars var haldinn „leshringfundur“ í Hrafnagilsskóla og voru ræddar þær tvær bækur. Gestir fundarins voru Ingibjörg Jónasdóttir landsambandsforseti og Ingibjörg Einarsdóttir í Gammadeild.

Eygló Björnsdóttir



Á hverjum fundi er happdrætti

Δδ Deltadeild

Stórt svæði og dreifðir fundir einkenna deildina okkar, á Akranesi, Snæfellsnesi, í Döllum, Borgarnesi, uppsveitum Borgarfjarðar og Reykjavíkur. Ábyrgð á skipulagningu funda skiptist á milli svæða. Leitað var eftir áhugaverðum verkefnum kvenna á svæðinu. Þau urðu eftirfarandi: Sigríður Margrét Guðmundsdóttir um Landnámssetrið í Borgarnesi. Kristín Ólafsdóttir í Reykholti, Listir og listnám í skólastarfi. Kristín Thorlacius, ferð til Írans. Aðventutónleikar í Reykholti. Halldóra Jónsdóttir, Bókasafn Akraness í nýju húsnæði. Sigurveig Sigurðardóttir, hugmyndir um kynjahlutverk og jafnrétti. Kristín R. Vilhjálmsdóttir, á Borgarbókasafni Reykjavíkur, fjölmenning og starf fyrir Íslendinga af erlendum uppruna. Vorfundinn eignum við eftir sem jafnframt verður aðalfundur.

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir

* Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í öðrum löndum sem vinna að fræðslustörfum

Γγ Gammadeild

Yfirskrift vetrarstarfs að þessu sinni var, *Rannsóknir í kennslu, ásamt menningu.* Einnig að fjalla um félagið og hvað felst í því að vera félagi og hvernig viljum við starfa í nánustu framtíð. Vetrarstarfið hófst með heimsókn á Hönnunarsafn Íslands. Árný Elíasdóttir sagði einnig frá Evrópuþingi í Osló. Á októberfundum flutti Hafdís Ingvarsdóttir erindi um hvernig starfendaránnsóknir fara fram. Nóvemberfundur var helgaður félaginu og starfi þess í náinni framtíð. Sigrún Hannesdóttir flutti erindi um Delta Kappa Gamma. Jólafundur var með hefðbundnu sniði. Vilborg Dagbjartsdóttir las ljóð og rithöfundurinn Kristín María Baldursdóttir las úr nýttkominni bók sinni. Janúarfundurinn var helgaður rannsóknum í kennslu. Jóhanna Einarsdóttir prófessor við Háskóla Íslands sagði frá starfendaránnsóknunum um tengsl leik- og grunnskóla. Þangað var Epsilonkonum boðið. Á febrúarfundi var umfjöllunarefnið *Rauðsokkahreyfingin*. Konur sem starfað höfðu þar sögðu frá sinni reynslu og upplifun. Í mars kom Sigrún Aðalbjarnadóttir prófessor við Háskóla Íslands og sagði frá rannsóknunum sem hún vinnur að, um lýðræðisleg vinnubrögð í skólum og áhrif þeirra á nemendur. Vorfundur verður síðan haldinn í lok maí. Björg Eiríksdóttir



Að loknum fundi um Rauðsokkahreyfinguna

Eε Epsilondeild

Haustið hófst á fundi í Sunnulækjarskóla á Selfossi þar sem Jóhanna Einarsdóttir námsráðgjafi sagði okkur frá forvarnarverkefninu *Flott án fíknar*. Í upphafi árs þáðum við boð Gammasystra í hús Menntavísindasviðs HÍ. Okkar kona Erna Ingvarsdóttir flutti orð til umhugsunar. Erna sagði þar sögur af samskiptum sínum við yngstu nemendurna en þeir eru eins og við vitum mestu hugsuðurnir. Erindi kvöldsins um starfendaránnsóknir var í höndum Jóhönnu Einarsdóttur dósents. Í mars hittumst við í Grunnskólanum í Hveragerði þar sem Erna Ingvarsdóttir sagði okkur frá mastersverkefni sínu sem hún lauk nú á vorönn, *Spinnum þráðinn saman*, og var um starfendaránnsókn sem hún vann að við Grunnskólann í Hveragerði og fjallaði um foreldrasamstarf. Margt fróðlegt kom fram í erindinu, s.s. rök með og á móti heimanámi, mikilvægi þess að kennarar heimsækji heimili verðandi 1. bekkjar nemenda, skólaþróun og margt fleira fróðlegt. Þegar þetta er ritað er verið að huga að aðalfundinum sem verður í maí þar sem ný stjórn verður kosin. Þá verða einnig fjórar nýjar konur teknar inn í deildina okkar. Vera Ósk Valgarðsdóttir

* Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum

Zζ Zetadeild

Þemað var: „Bætum lífið með breyttu hugarfari“ Starfið hófst með fundi á Ekkjufelli. Eymundur í Vallarnesi fjallaði um ræktun án tilbúins áburðar og gaf konum að smakka ýmsar afurðir. 28. sept. var fundað að Seljateigi í Reyðarfirði. Hildur Magnúsdóttir sagði frá sögu hússins og Sigríður Herdís Pálsdóttir flutti erindi um starf Rauða Krossins á Austurlandi. 9. nóv. var haldinn fundur í gömlu sjóhúsi á Eskifirði sem heitir „Randolfssjóhús“ sem hýsir Ferðaðþjónustan á Mjóeyri. Rekstraraðilar fræddu okkur um sögu hússins og starfsemi ferðaðþjónustunnar. Í des. var haldinn fundur í Grunnskólanum á Fáskrúðsfirði. Líneik skólastjóri og félagskona sýndi okkur gamlar myndir: „Franski bærinn Fáskrúðsfjörður. 22. mars átti að halda fund að Staðarborg í Breiðdal en það skall á vont veður og ófærð og var fundinum frestað. 3 nýir félagar hafa verið teknir inn á starfsárinu og eru félagskonur orðnar 23 talsins. Jarþrúður Ólafsdóttir



Á málverkasafni Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað

Hη Etadeild



Deildarkonur eru 30, allar af höfuðborgarsvæðinu og starfa á ýmsum sviðum fræðslumála. tungumálakennarar, sérkennarar, námsráðgjafar, skólastjórnendur í grunn- og framhaldsskóla, kennari í upplýsingatekni, sjúkralþjálfari, háskólakennarar og fræðikonur á sviði menntamála. Þemu *Etadeildar*: Nærsamfélagið, aðstoð við heimanám erlendra nemenda. Innra starfið: virk þátttaka félaga í stjórnun og starfi deildarinnar. Fundir 21. september: Verslunarskóli Íslands – *Að styrkja innbyrðis tengsl okkar*. Skipt var í hópa og hópar lögðu drög að skipulagi funda vetrarins. 29. október: Fjölbrotarskólinn í Breiðholti – *Að velja verkefni utan deildar til að vinna að*. Ágústa Gunnarsdóttir kynnti Innflytjendabrátt við F B. 16. desember: jólafundur haldinn á heimili Stefaníu Valdísar Stefánsdóttur. 17. febrúar: Grand Hótel – *Að hafa forystu í faglegri umræðu*. Sigurrós Erlingsdóttir og Ósa Knútsdóttir kynntu starfendaránnsóknir við Menntaskólann við Sund. 9. mars: Norðlingaskóli – *Að auka samskipti við konur í öðrum deildum*. Þuríður J. Jóhannsdóttir sagði frá doktorsránnsókn sinni og bar erindið yfirskriftina *Frávik frá því venjulega*. Mótsetningar sem uppspretta breytinga í kennaramenntun. Gestir fundarins voru úr Gammadeild, þar á meðal forseti landssambandsins, Ingibjörg Jónasdóttir. 19. apríl: aðalfundur. *Hrós Eta-deildar*: Á starfstímanum hafa fimm konur hafa hlotið hrós fyrir standa framarlega á sviði menntamála og að vinna markverð störf í þágu þeirra, þar af ein fyrir fleiri en eitt verkefni. Brynhildur Anna Ragnarsdóttir

* Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efna-hagsmálum, félagsmálum, stjórnámum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna